



Þekkingarsetur
Þingeyinga

ÁRSSKÝRSLA 2009

VEGVÍSIR - MARKMIÐ 2010

APRÍL 2010

Apríl 2010

Þekkingarsetur Þingeyinga
Óli Halldórsson

Forsíðumyndir:

Starfsfólk Þekkingarseturs Þingeyinga

Erfi v.: Frá matreiðslunámskeiði Þekkingarsetursins haustið 2009

Efri h.: Frá formlegri opnun Menntasetursins á Þórshöfn.

Neðri v.: Þátttakendur í NEED-verkefninu í Gjúfrastofu í Ásbyrgi.

Neðri h.: Húsnæði Þekkingarseturs Þingeyinga á mæruðögum á Húsavík

INNGANGUR	1
STJÓRN OG STARFSFÓLK	3
HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI	8
SÍMENNTUNARSVIÐ.....	12
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF, RAUNFÆRNIMAT	17
HÁSKÓLANÁMSSVIÐ	19
RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSVIÐ.....	23
ÚTGÁFA, KYNNING	28

INNGANGUR

Þekkingarsetur Þingeyinga er svæðisbundin sjálfseignarstofnun sem starfar á sviði símenntunar, háskólaþjónustu og rannsókna. Starfssvæði Þekkingarsetursins er norðausturhorn landsins frá Bakkafirði í austri til Vaðlaheiðar í vestri. Starfsemi Þekkingarseturs Þingeyinga byggir á samstarfssamningi við menntamálaráðuneytið sem einnig liggur til grundvallar skipulagsskrá stofnunarinnar.

Í markmiðslýsingu samnings menntamálaráðherra og Þekkingarsetursins kemur eftirfarandi fram:

Þekkingarsetur Þingeyinga skal á samningstímanum vinna að eftirfarandi markmiðum:

- Að efla byggð í Þingeyjarsýslum með símenntun, þjónustu á sviði háskólamenntunar og með rannsóknarstarfi.
- Að vera miðstöð símenntunar og fullorðinsfræðslu í Þingeyjarsýslum og bjóða nám er tengist atvinnulífi og tómstundum. Jafnframt að veita námsráðgjöf og hafa milligöngu um framboð á fjarnámi.
- Að starfrækja háskólanámssetur með tilheyrandi búnaði og vinna með viðurkenndum háskólum að bættri þjónustu við hákólanema.
- Að vera miðstöð rannsóknarstarfs í Þingeyjarsýslum og treysta samstarf þeirra er stunda rannsóknir í héraðinu.

*Samningur menntamálaráðuneytis og Þekkingarseturs
Þingeyinga, dags. 2. júní 2006. 1. gr.*

Skýrsla þessi er í senn ársskýrsla fyrir árið 2009 og starfsáætlun fyrir árið 2010, en sá háttur var einnig hafður á síðastliðið ár. Í skýrslunni er því að finna bæði grunnupplýsingar um starfsemi Þekkingarsetursins á árinu 2009, sem og helstu markmið fyrir starfsemina á árinu 2010. Umfjöllun er með þeim hætti að fjallað er um starfsemi ársins 2009 í upphafi hvers kafla en í lokin er greint frá markmiðum ársins 2010 á því sviði sem kaflinn fjallar um.

Í þessari skýrslu er ekki fjallað um fjárhag og vísast til ársreiknings 2009 hvað það varðar. Fjárhagsráðgjöf, bókhald og löggilt endurskoðun Þekkingarsetursins er í höndum Pricewaterhouse Coopers. Endurskoðaður ársreikningur 2009 hefur þegar verið gefinn út og verður sendur menntamálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun auk þess sem hann verður aðgengilegur öllum sem þess óska hjá Þekkingarsetri Þingeyinga.



Óli Halldórsson

Forstöðumaður








STJÓRN OG STARFSFÓLK

Starfsfólk

Starfsmannahald 2009	Áætlun fyrir 2009?	Niðurstaða 2009	Áætlun fyrir 2010?
Stöðugildi launþega á heilsársvísu	6,5	7	7
Stöðugildi verktaka við tímabundna námskeiðskennslu	2	2	2
Stöðugildi að auki við tímabundin rannsóknaverkefni	1,2	1,2	1,2
Alls:	9,7	10,2	10,2

Á árinu 2009 voru 10 fastir starfsmenn hjá Þekkingarsetrinu í um 7 stöðugildum. Utan fastra launþega er töluvert um tímabundin störf við verkefni á vegum Þekkingarsetursins við námskeiðakennslu og rannsókn- eða þróunarverkefni. Að öllu þessu töldu útheimti starfsemi Þekkingarseturs Þingeyinga 10,2 stöðugildi á árinu 2009.

Fastir starfsmenn Þekkingarseturs Þingeyinga í árslok 2009:

	Óli Halldórsson Forstöðumaður (100%) MA umhverfisfr., BA heimspeki, frhsk.kennari		
	Aðalsteinn J. Halldórsson Sérfræðingur rannsóknasvið (100%) BA stjórnmálafræði, MPA-nemi í opinberri stjórnsýslu		Erla Dögg Ásgeirsdóttir Náms- og starfsráðgjafi (100%) BA uppeldisfræði, dipl. náms- og starfsráðgj., M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf
	Guðlaug Gísladóttir Verkefnisstjóri rannsóknasvið (100%) MPM verkefnastjórnun, BS viðskiptafræði		Guðrún Ósk Brynjarsdóttir Skrifstofustjóri (100%) Skrifstofustjóri/skólaritari frá V.Í.
	Gréta Bergrún Jóhannesdóttir Verkefnastjóri Menntasetursins á Þórshöfn (100%) MA kynjafræði, BA fjölmiðlafræði		Helena Eydís Ingólfssdóttir Sviðsstjóri símenntunarsviðs (100%) BEd kennari, MPA-nemi í opinberri stjórnsýslu

Í fullu starfi allt árið voru forstöðumaður, sviðsstjóri símenntunar, skrifstofustjóri, verkefnastjóri á rannsókn- og þróunarsviði, sérfræðingur á rannsókn- og þróunarsviði. Náms- og starfsráðgjafi var í hálfu starfi fyrri hluta ársins en færðist í fullt starf á síðari hluta.

Fyrri hluta árs var verkefnastjóri á símenntunarsviði við störf í háflu starfi en því starfi var breytt í verkefnastjórn Menntasetursins á Þórshöfn eftir að það tók til starfa um mitt ár..

Nýir starfsmenn á árinu:

- Guðlaug Gísladóttir, verkefnastjóri á rannsóknasviði (sjálfbærniverkefni)
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, verkefnastjóri Menntasetrsinu á Þórshöfn


Starfsmenn sem létu af störfum á árinu:

- Haraldur Reinhardsson (var verkefnastjóri á rannsóknasviði)
- Selma Kristjánsdóttir (var verkefnastjóri á símenntunarsviði)

Skipurit

Skipuriti Þekkingarseturs Þingeyinga var ekki breytt á árinu 2009. Stofnunin er rekin með sama hætti og lagt var upp með árið 2006 með nýrri skipulagsskrá. Fagsviðin eru þrjú og skarast starfssvið starfsmanna að nokkru leyti milli sviða. Forstöðumaður stýrir stofnuninni í umboði fjölskipaðrar stjórnar (8 manna). Stjórn myndar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum röðum sem getur afgreitt mál í umboði stjórnar án þess að kalla þurfi til alla stjórnina.

Starfsfólk Þekkingarseturs hefur í flestum tilvikum nokkuð vítt verkswið. Þrátt fyrir að fólk sé jafnan ráðið til starfa á ákveðnu sviði sérstaklega þá sinna flestir ýmsum verkefnum á öðrum sviðum jafnframt.



Stjórn

Stjórn Þekkingarseturs Þingeyinga er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn. Breytingar urðu tvær á stjórn á árinu 2009. Böðvar Pétursson sem sat fyrir rannsóknastofnanir í Þingeyjarsýslu (Náttúrustofu Norðausturlands) fór úr stjórn og í hans stað var tilnefnd Margrét Hólm Valsdóttir, stjórnarkona hjá Náttúrustofu Norðausturlands og oddviti Skútustaðahrepps. Þá var Tryggvi Finnsson tilnefndur fyrir hönd Héraðsnefndar Þingeyinga, en beiðing hafði verið tilnefning frá nefndinni frá því á árinu 2008.



Aðalfundur stjórnar Þekkingarsetursins var haldinn í Mývatnssveit vorið 2009. Á myndinni sést stjórnarfolk við bakka Mývatns í Fuglasafni Sigurgeirs.

Stjórn Þekkingarseturs Þingeyinga í árslok 2009:

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga:	<i>Reinhard Reynisson</i>
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	<i>Hallur B. Reynisson</i>
Háskóli Íslands:	<i>Rögnvaldur Ólafsson</i>
Háskólinn á Akureyri:	<i>Hreiðar Valtýsson</i>
Héraðsnefnd Þingeyinga:	<i>Tryggvi Finnsson</i>
Norðurþing:	<i>Huld Aðalbjarnardóttir</i>
Rannsóknastofnanir innan ÞÞ:	<i>Margrét Hólm Valsdóttir</i>
Stéttarfélag í Þingeyjarsýslum:	<i>Aðalsteinn Árni Baldursson (formaður)</i>

Framkvæmdaráð samanstendur af þremur stjórnarmönnum sem starfa í umboði stjórnar milli funda stjórnar.

Framkvæmdaráð Þekkingarseturs Þingeyinga í árslok 2009:

Aðalsteinn Árni Baldursson
Huld Aðalbjarnardóttir
Reinhard Reynisson

Stjórn Þekkingarsetursins kom saman til fundar fjórum sinnum á árinu 2009 og framkvæmdaráð í tvígang. Alls voru því haldnir 6 fundir í stjórn og frkv.ráði.


Áætlun 2010: Stjórn og starfsfólk	
Stöðugildi fastra launþega	7
Stöðugildi að auki við tímabundna námskeiðskennslu	2
Stöðugildi að auki við tímabundin rannsóknaverkefni	1,2
Óbreytt skipurit og skipulag	
<p>Skýringar</p> <p>Á árinu 2010 verður áfram unnið eftir skipuriti Þekkingarsetursins frá árinu 2006. Gert er ráð fyrir óbreyttri uppstillingu í starfsmannahaldi, þ.e. sjö heilsársstarfsmönnum auk ígildis rúmlega þriggja stöðugilda í tímabundnum verkefnum.</p> <p>Mikil áhersla verður lögð á sveigjanleika í starfi til að takast á við erfiðleika í atvinnulífi og efnahag. Þannig verða starfskraftar nýttir á milli sviða í auknum mæli eftir þörfum á hverjum tíma, enda allar forsendur fyrir því hvað varðar menntun og reynslu starfsfólks. Þá verður sérstök áhersla lögð á aukið samstarf stofnana og skóla á starfssvæði Þekkingarsetursins.</p>	

HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI

Starfssvæði

Starfssvæði Þekkingarsetursins er á norðausturhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til Bakkafjarðar í austri. Svæðið er stórt að flatarmáli og nær yfir sjö sveitarfélög en það er fremur strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en landbúnaðarhéruð og smærri þéttbýliskjarnar umhverfis.

Samgöngur eru fremur erfiðar á starfssvæðinu þar sem vegir eru misjafnir og veður og færð hamlandi á veturna. Þá eru almenningsamgöngur innan svæðisins í lágmarki, bæði flug og rútur. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs með ströndinni er um 320 km. Þar af er ríflega þriðjungur á malarvegi. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440 km² eða 18% landsins.



Starfssvæði Þekkingarseturs Þingeyinga. Rauðir punktar sýna mannaðar starfsstöðvar í fullum rekstri (Húsavík, Þórshöfn) og gulu punktar sýna þjónustustaði þar sem boðin er grunnþjónusta við nemendur (Kiðagil, Laugar, Mývatnssveit, Kópasker, Raufarhöfn).

Húsnæði og aðstaða

		2009	Áætlun fyrir 2010
Staður	Hús	Aðstaða	
Húsavík	Hafnarstétt 3	400 fm aðalhúsnæði þþ. Skrifstofur, námsver, kennslu- og fundarými, 2 fjarfundabúnaðir.	Óbreytt
	Hafnarstétt 1	Kennslu- og fyrirlestrarými innan Hvalasafnsins á Húsavík, 1 fjarfundabúnaður	Óbreytt
	Skólahúsnæði og stakir salir	Kennsluáðstaða leigð í tímavís eftir þörfum	Komið verði á samkomulagi við Framhaldsskólann á Húsavík um samnýtingu húsnæðis
Þórshöfn	Menntasetrið á Þórshöfn, Langanesvegi 16	70 fm húsnæði deilt með Frhsk. á Laugum Skrifstofa, námsver, fjarfunda- og kennslurými.	Rými Menntasetursins á Þórshöfn verði stækkað á árinu, annað hvort innan sama húss eða það fært í annað stærra.
Raufarhöfn	Skrifstofa Norðurbings, Aðalbraut 2,	Fjarfunda- og próftökuaðstaða og nettenging	Óbreytt

Kópasker	Skrifstofa Norðurbings, Bakkagötu 10	Fjarfunda- og próftökuaðstaða og nettenging	Óbreytt
Laugar	Framhaldsskólinn á Laugum	Fjarfunda- og próftökuaðstaða og nettenging	Óbreytt
Bárðardalur	Kiðagil skólabúðir	Fjarfunda-, náms- og próftökuaðstaða og nettenging	Óbreytt
Mývatnssveit	Grunnskólinn í Reykjahlíð	Fjarfunda- og próftökuaðstaða og nettenging	Óbreytt

Á árinu 2009 var meginstarfsstöð Þekkingarseturs Þingeyinga að Hafnarstétt 3 á Húsavík, en þangað flutti stofnunin í árslok 2008. Um er að ræða uppgert gamalt timburhús við höfnina á Húsavík, alls um 400 m². Húsið hentar afar vel undir starfsemi Þekkingarsetursins en þar eru vinnustöðvar fyrir 17 starfsmenn, kennslusalur, námsver með lesrými, rannsóknastofa auk afgreiðslu og annars sameiginlegs rýmis. Þekkingarsetrið framleigir hluta húsnæðisins til samstarfsstofnana, þ.e. Náttúrustofu Norðausturlands og Háskóla Íslands. Auk þess leigir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra eina skrifstofu.



Húsnæði Þekkingarsetursins að Hafnarstétt 3 á Húsavík á „Mærudögum“ sumarið 2009. Á myndunum sést í listaverk á vesturvegg hússins, en þarna stóð yfir útimyndlistarsýning Kára Sigurðssonar utan á húsinu.



Menntasetrið á Þórshöfn

Á árinu 2009 var opnuð á Þórshöfn starfsstöð Þekkingarsetursins og Framhaldsskólans á Laugum og fékk hún heitið Menntasetrið á Þórshöfn. Þessi eining er samstarfsverkefni þessara tveggja stofnana og þjónustar því allt námsfólk á svæðinu ofan grunnskólastigs. Þekkingarsetur Þingeyinga hefur starfsmann innan Menntasetursins sem sinnir símenntunarþjónustu og fjarnámi á háskólastigi. Þar að auki starfar sá starfsmaður við rannsóknasvið að ýmsum verkefnum Þekkingarsetursins. Framhaldsskólinn á Laugum hefur svo einnig starfsmann á staðnum sem sinnir fjarnámi framhaldsskólanema við skólann frá Þórshöfn.



Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, sótti Langnesinga heim í tilefni af formlegri opnun Menntasetursins á Þórshöfn. Á myndinni sést hún ávarpa heimafólk í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Menntasetrið á Þórshöfn hefur farið afar vel af stað og er hér um að ræða samstarfsmódel sem nýst getur víðar á landinu við áþekkar aðstæður. Reksturinn hefur reynst mjög hagkvæmur og faglegt starf farið vel af stað. Möguleikar Þekkingarsetursins til að sinna þörfum samfélagsins og atvinnulífsins á Norðausturhorni landsins hafa stóraukist með tilkomu Menntasetursins og mannaðrar þjónustustöðvar í símenntun og fjarnámsþjónustu. Fyrir liggur að takmörk eru fyrir því hversu vel er hægt að sinna símenntunarstarfi með fjarvinnu eða miðstýringu um langar vegalengdir eins og verið hefur til þessa.

Menntasetrið á Þórshöfn er komið til að vera. Heimafólk hefur tekið afar vel á móti þessari langþráðu þjónustu með þátttöku í námskeiðahaldi og eftirspurn almennt. Fyrir liggur að húsnaðisþörf Menntasetursins er töluvert meiri fyrir komandi skólaár, 2010-2011, og ljóst að aðstandendur setursins þurfa að leita leiða til að leysa úr þeim málum.

Áætlun 2010: Húsnæði, starfssvæði

Þekkingarsetrið mun árið 2010 starfa áfram að Hafnarstétt 3, Húsavík í leiguhúsnæði. Kennslurými verður áfram leigt af Hvalasafninu á Húsavík að Hafnarstétt 1. Ennfremur verður kennsluástaða leigð annars staðar á Húsavík effir þörfum.

Menntasetrið á Þórshöfn verður starfrækt á árinu 2010 og stefnt að stækkun húsnæðiskosts að hausti.

Starfsstöðvar með fjárfundaaðstöðu og nettengingu verða starfræktar áfram á öðrum stöðum í Þingeyjarsýslu með óbreyttum hætti.

Skýringar


Gert er ráð fyrir framtíðarleigu fyrir höfuðstöðvar Þekkingarsetursins í núverandi húsnæði að Hafnarstétt 3 á Húsavík.

Menntasetrið á Þórshöfn mun þurfa aukið húsnæðisrými fyrir haustið 2010 sökum aukinnar starfsemi bæði Þekkingarsetursins og Framhaldsskólans á Laugum. Samstarf verður áfram við Langanesbyggð um úrlausn húsnæðismála á Þórshöfn.

Við þjónustu við fjarnema og námskeiðarekstur í dreifbýli og um héraðið verður áfram byggt á samstarfi og leigusamkomulagi við grunnskóla/sveitarfélög og stéttarfélögin um húsnæðiskost.

SÍMENNTUNARVIÐ

Markmið símenntunarsviðs 2009-2010	Áætlun fyrir 2009	Niðurstaða 2009	Áætlun fyrir 2010
Fjöldi almennra námskeiða á svæði ÞÞ	45	39	45
Fjöldi námsleiða (vottaðar námsleiðir FA):	5	3	5
Fjöldi kennra stunda:	1600	923	1200
Fjöldi kennra nemendastunda:	17000	6568	12000
Þátttakendur	450	315	400



Kynjahlutfall - símenntun

Kynjahlutfall námskeiðspátttakenda árið 2009. Kynjahlutfallið er áþekkt því sem þekkt við fullorðinsfræðslu á Íslandi almennt, þar sem hlutfall kvenna er verulega hærra en karla. Þó eru töluvert færri karlmenn sem hafa sótt námskeið árið 2009 en árið 2008 þar sem hlutfallið var 71% konur á móti 29% karlar.

Áherslur

Árið 2009 var óvenjulegt fyrir margra hluta sakir í námskeiðahaldinu sökum sviptinga í efnahags- og atvinnulífi landsins. Á árinu 2009 lagði þekkingarsetrið áherslu á að bjóða upp á stærri námsleiðir eftir námskrám Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins (FA) ásamt starfstengdu námi. Sú áhersla skilaði sér ekki eins vel og vonir stóðu til en almennt var mikill samdráttur í námskeiðahaldi á sl. ári. Mikill samdráttur var í námskeiðum og námsleiðum tengdum tungumálanámi og aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi og munar hvað mest um að missa þann hóp út úr námskeiðahaldinu.



Frá sundnámskeiði sem haldið var í samstarfi við Fjölmennt

Miklar jákvæðar breytingar urðu þó í Norður-Þingeyjarsýslu með tilkomu Menntasetursins á Þórshöfn. Þar tókst síðari hluta ársins að koma á fót fjölmörgum

námskeiðum en fjarlægðin við Raufarhöfn, Þórshöfn og Bakkafjörð hefur gert það afar erfitt hingað til að halda úti námskeiðum á þessum stöðum.

Við greiningu á námsþörfum íbúa á svæðinu hefur verið stuðst við upplýsingar úr viðtölum náms- og starfsráðgjafa, niðurstöður úr námskeiðsmati á þeim námskeiðum sem haldin hafa verið og fyrirspurnir íbúa á svæðinu. Auk þess sem horft er til þess sem er að gerast annars staðar á landinu eða jafnvel erlendis og nýtur vinsælda.

Samstarf og þróunarvinna

Náið samstarf er á símenntunarsviði milli fræðslumiðstöðva, bæði í gegnum samtök símenntunarstöðva, Kvasi, og eins milli einstakra miðstöðva. Þekkingarsetrið hefur átt slíkt samstarf á árinu.

Sviðsstjóri símenntunarsviðs tók þátt í Nordplusverkefni haustið 2009. Verkefnið var svokallað „mobilitets projekt“ þar sem aðilar frá 5 löndum hittust til að kanna hvort þeir ættu eitthvað sameiginlegt á sviði fullorðinsfræðslu sem þeir gætu unnið áfram með. Aðilar verkefnisins, sem koma frá Færeyjum, Norður-Noregi, Álandseyjum og Danmörku og starfa á nokkrum mismunandi sviðum fullorðinsfræðslu, fundu sameiginlegan flöt í því sem kallast „Færni morgundagsins“. Að auki eiga svæðin sameiginlegar áskoranir sem verið er að kljást við á þeim öllum s.s. karlmenn í kringum fertugt með litla menntun, ungar mæður, vel menntaðar konur sem ekki vilja búa á svæðunum og einsleitt atvinnulíf. Niðurstaðan var sú að sækja um áframhaldandi Nordplus-styrk, svokallað „Netværks projekt“ eða tengslanetsverkefni sem gefur aðilunum tækifæri til að styrkja tengslin, kynnast betur svæðum hvers annars og aðstæðum og hefja undirbúning að framhaldi á verkefninu. Tengslanetsverkefnið mun vara í eitt ár ef af verður og að því loknu verður sótt um styrk til að fara af stað með þróunarverkefni („udviklings-projekt“) sem mundi standa yfir í 2 ár.

Námsleiðir

Á vorönn fóru þrjár námsleiðir af stað samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins kenndar á vegum þekkingarsetursins. Þær voru Aftur í nám (95 kest.), Færni í ferðaþjónustu I (60 kest.) og Landnemaskóli (120 kest.). Á haustönn fór ein námsleið af stað, Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum. Þar sem henni lýkur á vorönn 2010 og hefur að mestu verið kennd árið 2010 er hún ekki með í tölulegum upplýsingum fyrir árið 2009 og verður því í ársskýrslu fyrir árið 2010.

Námskeið

Þátttaka í hefðbundnu námskeiðahaldi dróst saman á flestum sviðum á árinu 2009 og effirspurn effir námskeiðum var verulega minni en undanfarin ár. Þar munaði mest um mikinn samdrátt í effirspurn effir íslenskunámskeiðum en á haustönninni tókst einungis að halda eitt íslenskunámskeið á Raufarhöfn. Almennt dró mikið úr effirspurn og frumkvæði íbúa starfssvæðis þekkingarsetursins effir námskeiðum. Hafa þurfti meira fyrir því að ná til fólks á vinnumarkaði og vinnustöðum.



Hafliði Jósteinnsson flytur jólasögu á árlegri jólasmiðju þekkingarsetursins á Húsavík.

Miklum tíma var varið á árinu 2009 í að ná til atvinnuleitenda eftir stóraukningu atvinnuleysis í ársbyrjun. Ýmis úrræði voru þróuð og kynnt, m.a. í samráði við og að ósk Vinnumálastofnunar. Töluverðir annmarkar hafa hins vegar reynst á því að koma fjölþættum úrræðum þekkingarsetursins og annarra símenntunarstöðva til atvinnulausra. Stjórnsýsla og löggjöf þessa málaflokks valda þessum vandkvæðum öðru fremur, en almennt aðgengi að atvinnuleitendum er torsótt sökum persónuverndar. Þá hefur án efa töluverð áhrif að stjórnsýsla og þjónusta Vinnumálastofnunar á starfssvæði þekkingarsetursins er takmörkuð.

Ekki liggja þó fyrir einhlítar skýringar á miklum samdrætti í eftirspurn á árinu 2009. Ljóst er að samdrátturinn var fyrst og fremst í þéttbýlinu á Húsavík. Breytingar á efnahagsaðstæðum þjóðarinnar hafa að líkindum haft töluverð áhrif, en skýringa verður þó líka að leita inn á við í héraðinu þar sem ekki var svo mikill samdráttur alls staðar annars staðar á landinu. Þess ber að geta að á sama tíma og það dró saman í námskeiðahaldi á árinu 2009 hélst töluverð eftirspurn eftir þjónustu við háskólanema í fjarnámi. Eins er alveg ljóst á þeim tölum sem fyrir liggja þegar þessi skýrsla er útgefin að á árinu 2010 verður þátttaka verulega meiri.



Frá matreiðslunámskeiði á vegum þekkingarsetursins haustið 2009

Námskeið 2009**Námskeið haldin á vorönn**

Námskeið	Kennslustundafjöldi	Þátttakendafjöldi	Staður
Aftur í nám	95	9	Þórshöfn
Aftur í nám- tölvur, sjálfstyrking og íslenska	61	1	Þórshöfn
Hakk-Rússneskt hekl	9	6	Húsavík
Hvað veist þú um Fjaraskanistan?	5	23	Húsavík
Íslenska – Aftur í nám	20	1	Raufarhöfn
Íslenska III	60	6	Bakkafirði
Íslenska V-b	30	6	Húsavík
Landnemaskólinn	120	5	Þórshöfn
Rúðumynstur	9	5	Húsavík
Sjálfstyrking, Raufarhöfn	16	1	Húsavík
Skriðsundsnámskeið	15	10	Húsavík
Skriðsundsnámskeið	15	10	Þórshöfn
Skriðsundsnámskeið	15	11	Laugar
Svæðisleiðsögn í Norður þingeyjarsýslu	60	13	Kópasker
Tölvu og upplýsingatækni	16	1	Raufarhöfn
Tölvur 45+	12	9	Húsavík
Vélgæsla	85	11	Húsavík
Fjöldi alls: 17	Alls: 643	Alls: 128	

Námskeið haldin á haustönn

Námskeið	Kennslustundafjöldi	Þátttakendafjöldi	Staður
Badminton/Tennis	15	13	Þórshöfn
Framandi réttir með Lísu	9	6	Húsavík
Færni í ferðaþjónustu I	60	12	Mývatnssveit
Hagfræði heimilanna	3	11	Húsavík
Hagfræði heimilanna	3	6	Þórshöfn
Hönnun og heimilið	15	10	Húsavík
Íslenska I	30	4	Raufarhöfn
Jólasmiðja / Jól í öðru landi	3	8	Húsavík
Jólasmiðja /skartgripagerð	3	8	Raufarhöfn
Jólasmiðja /skartgripagerð	3	7	Kópasker
Jólasmiðja /skreytingar og hugmyndir	3	12	Húsavík
Jólasmiðja- Jólin í gamla daga	3	11	Húsavík
Jólasmiðja- Jólin í gamla daga	3	12	Bárðardalur
Konfektgerð	3	12	Þórshöfn
Konfektgerð, Fjölmennt	5	6	Húsavík
Sveppir og sveppatínsla	6	6	Húsavík
Tölvu - og upplýsingatækni	12	7	Þórshöfn
Tölvunámskeið, Excel	12	7	Þórshöfn
Tölvur I / Fjölmennt	15	3	Húsavík
Zumba - þrekdans	10	16	Húsavík
Þráðarleggur	3	9	Laugar
Fjöldi alls: 22	Alls: 280	Alls: 187	

Töluvert af námskeiðum, einkum styttri námskeiðum og tómstundanámskeiðum, féllu niður á árinu. Helst má geta sér þess til að hrun efnahagskerfis þjóðarinnar eigi þátt í því eins og áður sagði.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF, RAUNFÆRNIMAT

Markmið í náms- og starfsráðgjöf 2009-2010	Áætlun fyrir 2009	Niðurstaða 2009	Áætlun fyrir 2010
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala:	170	243*	350

*243 einstaklingar komu í viðtöl og þar af komu 85 þeirra í endurkomuviðtöl.


Ráðgjöf

Verkefnið *Þitt val – þín leið* í náms- og starfsráðgjöf fór af stað í september árið 2006 hjá Þekkingarsetri Þingeyinga í kjölfar samninga við Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins. Á árinu 2009 var náms- og starfsráðgjafi Þekkingarsetursins, Erla Dögg Ásgeirsdóttir, í fullu starfi, en fyrir það hafði ráðgjafastarfið einungis verið 50% hlutastarf. Á árinu var lögð stóruáhersla á ráðgjöf og reyndist eftirspurn eða þörf hafa aukist verulega frá því sem áður var. Ráða þar mest breyttar samfélags- og efnahagsaðstæður þjóðarinnar.

Á árinu 2009 hélt námsráðgjafi 13 kynningar þar sem náms- og starfsráðgjöf var kynnt með formlegum hætti. Á kynningarnar komu 118 einstaklingar, 66 þáðu hóprágjöf og í kjölfarið skráðu 55 einstaklingar sig í viðtal. Mikil aukning var á einstaklingum sem komu af eigin frumkvæði í viðtal eða 122 einstaklingar og hefur þeim fjölgaði um rúmlega helming frá árinu áður. Heildarfjöldi viðtala á árinu 2009 var því 243 viðtöl og af þessum 243 einstaklingum sem komu í viðtöl frá 1. janúar-31. desember komu 85 einstaklingar í endurkomuviðtöl.


Á haustmánuðum 2009 varð aukning viðtala við einstaklinga sem eru í atvinnuleit. Eins og áður hefur komið fram var gerður samningur við Vinnumálastofnun um ráðgjöf við einstaklinga í atvinnuleit og hófst verkefnið í lok nóvember 2009 á starfssvæði Vinnumálastofnunnar á Norðurlandi eystra og verður samningurinn endurskoðaður í júní 2010. Á þessu tímabili mun náms- og starfsráðgjafi Þekkingarseturs Þingeyinga vinna náið með ráðgjöfum Vinnumálastofnunar og núþegar hefur námsráðgjafi tekið 60 viðtöl við atvinnuleitendur frá því í nóvember 2009.

Hér fyrir neðan má sjá kynja- og aldurshlutfall þeirra sem komu í ráðgjöf á árinu 2009:



Kynjahlutfall í náms- og starfsráðgjöf

Kynjahlutfallið 2009 er svipað og árið 2008. Eins og á fyrri árum er hlutfallið óþekkt því sem sjá má meðal námskeiðspátttakenda, þar sem fjöldi kvenna er töluvert meiri en karla.



Aldurshlutfall í náms- og starfsráðgjöf

Undanfarin ár hafa flestir ráðþegar verið að koma úr aldurshópnum 41 árs og eldri eða um 56% árið 2007 og 42% árið 2008. Þróunin undanfarið hefur hins vegar orðið sú að fjölgað hefur verulega í aldurshópnum 25-40 ára og koma flestir úr þeim hópi árið 2009. Sá hópur sem sækir minnst í ráðgjöf eru einstaklingar sem eru 24 ára og yngri en þessi aldurshópur hefur samt sem áður farið ört stækkandi á síðustu tveimur árum.

Raunfærnimat

Raunfærnimat fellur undir starfssvið náms- og starfsráðgjafa þekkingarsetursins. Stofnunin hóf á árinu 2009 samstarf við Mími-símenntun í Reykjavík, Framhaldsskólann á Húsavík og Borgarholtsskóla í Reykjavík um mat á raunfærni inn á leikskólabrú. Töluverð aukning hefur orðið á viðtölum er snúa að raunfærni og raunfærnimati. Verkefnið hefur gert það að verkum að viðtöl vegna raunfærnimats hafa aukist á árinu 2009 og gera má ráð fyrir að fjöldi þeirra sem koma í viðtal vegna raunfærnimats muni aukast á árinu 2010.

HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

Háskólanámssvið árið 2009		
Markmið 2009?	Náðist markmiðið?	Skýringar:
<i>Háskólanámsver á Húsavík rekið áfram með sólarhringsaðgangi og aukinni þjónustu við nema.</i>	Já	Tengiliður settur við háskólanema sem sér um tækniástoð og önnur praktísk mál.
<i>Bætt verði við skrifborðum fyrir háskólanema þannig að vinnuástaða verði fyrir a.m.k. 10 nema.</i>	Já	Ný skrifborð/lesbásar og stólar keypt. Sólarhringsvinnuástaða fyrir 10 námsmenn.
<i>Áherslum í rekstri námsversins verði breytt með þeim hætti að fullorðnu námsfólki á öðrum skólastigum en háskólastigi verði boðið að nýta vinnuástöðu á meðan rúm leyfir.</i>	Já	Símenntunarnemum boðin og kynnt vinnuástaða í lesrymi.
<i>Leitað verði samstarfs við framhaldsskóla héraðsins (FSH/FL) um aukin tengsl háskólanáms- og framhaldsskólamenntunar. Horft verði til samvinnu um námsframboð, vinnuástöðu og starfskrafta.</i>	Já	Samkomulag við Framhaldsskólann á Húsavík um nýtingu lesrymis fyrir eldri nema á framhaldsskólastigi. Einnig um nýtingu húsnæðis og kennara til kennslu námsleiða FA. Samstarf við Framhaldsskólann á Laugum um rekstur Menntasetursins á Þórshöfn.
<i>Háskólanemum standi til boða námsráðgjöf með skipulegum hætti.</i>	Já	Námsráðgjöf auglýst fyrir háskólanema. Fjöldmörg ráðgjafarviðtöl háskólanema á árinu.
<i>Próftöku nema úr öllum háskólum verði sinnt í helstu þéttbýliskjörnum svæðisins, án gjaldtöku.</i>	Já	Prófumsýsla fjarnema boðin fjarnemum um alla sýslu.
<i>Stofnað verði fræðslusetur á Þórshöfn sem verði starfsstöð ÞÞ á NA-hluta starfssvæðisins. Setrið verði rekið frá miðju ári með starfsmanni ÞÞ í fullu starfi og í samstarfi við Frhsk. á Laugum.</i>	Já	Menntasetrið á Þórshöfn opnað haustið 2009. Verkefnisstjóri ráðinn um mitt ár. Þekkingarsetrið býður þar fjarnámsþjónustu, námskeiðahald, námssetur og sinnir rannsóknnum.
<i>Háskólakennslu frá starfssvæði ÞÞ til háskólanna verði áframhaldið og hún effir atvikum aukin. Leitað verði leiða til að nýta starfskrafta innan og utan ÞÞ til kennslu í háskólum landsins.</i>	Já	Forstöðumaður kennir fasta kennslu við Háskólann á Akureyri á vegum þekkingarsetursins. Ákvæði um mögulega kennslu á háskólastigi sett í ráðningarsamninga starfsfólks.

Námsver og þjónusta

Þekkingarsetrið sinnir allri þjónustu við fjarnema háskóla, og eftir atvikum annarra skóla, á starfssvæði sínu. Það þýðir að háskólanemar sem búsettir eru við Mývatn, á Kópaskeri, Bakkafirði og Húsavík hafa allir sinn sama farveg til fjarnámsþjónustu í sínu héraði í gegnum þekkingarsetrið. Á árinu 2009 varð sú meginbreyting á þjónustu að mönnum og fullbúin starfsstöð var opnuð á Þórshöfn. Bæði á Húsavík og á Þórshöfn er því boðin víðtæk þjónusta með háskólanámsveri, ráðgjöf og stuðningi auk fjarfundaaðstöðu og prófaaðstöðu. Annars staðar í héraðinu er fyrst og fremst um prófaumsjón að ræða og miðlun náms í gegnum fjarfundabúnaði, en þekkingarsetrið hefur alls fimm slíka þjónustustaði utan Húsavíkur og Þórshafnar þar sem áðurnefndar mannaðar starfsstöðvar eru reknar.


Háskólanámsverið á Húsavík var rekið með áþekkingum hætti og áður á árinu 2009, nema nú í nýju og bættu húsnæði að Hafnarstétt 3. Þekkingarsetrið hélt þeirri stefnu sinni að taka ekki gjald af háskólanemum utan kostnaðargjalds fyrir prentun og ljósritun. Með sama hætti og sömu formerkjum var námsverið í Menntasetrinu á Þórshöfn á haustmánuðum eftir að það fór af stað, en í öðrum stærðarskala þar sem um er að ræða minna húsnæði.



Háskólanámsver þekkingarsetursins í nýju húsnæði að Hafnarstétt 3 á Húsavík.

Þekkingarsetrið tekur að sér prófaumsjón og –yfirsetu fyrir alla háskóla og nema sem þess óska hvar sem er innan starfssvæðis þekkingarsetursins. Ekki er tekið gjald fyrir þá umsýslu. Á árinu 2009 voru tekin 204 fjarpróf á vegum þekkingarsetursins frá alls 11 skólum.

Fjarpróf á vegum Þekkingarseturs Þingeyinga 2009



Sem fyrr hafa háskólanámsverið og -þjónustan á Húsavík reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi Þekkingarsetursins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna innan Þekkingarsetursins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag.

Háskólakennsla

Forstöðumaður hefur undanfarin ár haft umsjón með og kennt námskeið við Háskólann á Akureyri. Áfram var þetta með þeim hætti árið 2009. Um er að ræða námskeiðið USK1103 sem er skyldunámskeið um mat á umhverfisáhrifum og skipulag á þriðja ári í umhverfis- og orkufræði. Tekjur af þessari kennslu renna beint til Þekkingarsetursins.

Á haustmisseri 2009 jókst einnig notkun á fjarfundabúnuðum til kennslu frá Húsavík til háskólanna. Fyrir utan fyrrnefnda reglulega kennslu forstöðumanns við Háskólann á Akureyri var búnaður nýttur til fjarfundakennslu frá Húsavík á bæði vor- og haustmisseri 2009. Það er stefna Þekkingarsetursins að auka nýtingu fjarfundabúnaða með þessum hætti og nýta þannig sérhæfða starfskrafta innan stofnunarinnar og utan á starfssvæði setursins til kennslu í háskólum landsins. Með þeim hætti má snúa hefðbundinni hugsun um fjarnám við og gera háskólakennslu af landsbyggðinni mögulega í auknum mæli.

Áætlun 2010: Háskólanámssvið
<i>Háskólanámssver á Húsavík rekið áfram með sólarhringsaðgangi og mannaðri þjónustu við fjarnema á dagvinnutíma.</i>
<i>Háskólanámssver verði rekið áfram innan Menntasetursins á Þórshöfn með sólarhringsaðgangi og mannaðri þjónustu við fjarnema á dagvinnutíma.</i>
<i>Áfram verði námsver á Húsavík og Þórshöfn nýtt til þjónustu fyrir nema í símenntun og eldri nema í framhaldsskólanámi í samstarfi við framhaldsskóla héraðsins.</i>
<i>Þróaðir verði og mótaðir frekar samstarfsfarvegir Þekkingarsetursins og framhaldsskóla héraðsins. Stefnt verði að samnýtingu starfsfólks eftir þörfum og einnig horft til samnýtingar aðstöðu til náms.</i>
<i>Háskólanemum verði boðin og kynnt námsráðgjöf með markvissum hætti.</i>
<i>Próftöku nema úr öllum háskólum verði sinnt í helstu þéttbýliskjörnum svæðisins, án gjaldtöku.</i>
<i>Námsþjónusta fyrir háskólanema í fjarnámi verði rekin áfram í Menntasetrinu á Þórshöfn. Haldið verði samfelli í starfinu strax frá hausti 2010 þrátt fyrir fyrirséð fæðingarorlof fastráðins starfsmanns að vori 2010.</i>
<i>Háskólakennslu frá starfssvæði ÞÞ til háskólanna verði áframhaldið og hún effir atvikum aukin. Leiða verði leiða til að nýta starfskrafta innan og utan ÞÞ til kennslu í háskólum landsins.</i>

RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSVIÐ

Rannsóknna- og þróunarsvið árið 2009		
Markmið 2009?	Náðist markmiðið?	Skýringar:
Áfram verði haldið úti a.m.k. 1 stöðugildi sérfræðings í fullu starfi á rannsóknna- og þróunarsviði sem sinni verkefnaöflun og umsjón rannsóknaverkefna.	Já	Á árinu 2009 var sérfræðingur við störf á rannsóknasviði. Að auki hluti stöðugildis verkefnisstjóra Menntasetursins á Þórshöfn nýtt til rannsóknastarfa.
Staðið verði fyrir a.m.k. fjórum rannsóknaverkefnum háskólanema á árinu.	Nei	3 rannsóknaverkefni voru unnin af háskólanemum sumarið 2009
Seld verði sérfræðivinna sem nemur stöðugildi sérfræðings til sjálfbærni-verkefnis Landsvirkjunar, Alcoa og Landsnet skv. samstarfssamningi.	Já	Samningi við eigendur sjálfbærni-verkefnis viðhaldið á árinu 2009. Nýr starfsmaður ráðinn að hausti.
Leitað verði eftir þátttöku í fjármögnuðu(m) alþjóðlegum rannsóknna- og þróunarverkefni(-um) sem dregið geta samstarfsaðila, hugmyndir og fjármagn inn á starfssvæði Þekkingarsetursins.	Já	Þátttaka í norrænu forsamvinnuverkefni um símenntunarstarf í dreifðum byggðum. Svæðisumsjón á Norðurlandi í sk. NEED-NPP-verkefni með Háskólasetrinu á Höfn, Vatnajökulspjóðgarði o.fl.
Forganga verði höfð um samstarf stofnana á þekkingarsviði á starfssvæði Þekkingarsetursins. Myndaðir verði farvegir til slíks samstarf við rannsóknna-, fræðslu- og nýsköpunargeirann.	Já	ÞÞ leiðir samstarf stofnana innan veggja húsnæðis að Hafnarstétt 3. Mikil áhersla lögð samstarf stofnana á árinu 2008. NEED-samstarfshópur notaður til að þróa samráðsvettvang stofnana og fyrirtækja.
Haldið verði áfram með búsetugæðarannsókn á samfélagi starfssvæðis Þekkingarsetursins í samstarfi við Vaxtarsamning Norðausturlands.	Já	Búsetugæðarannsókn með tveimur stórum viðhorfskönnunum á árunum 2008 og 2009 lokið að hausti 2009.
Komið verði á reglulegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og hagþróun á starfssvæði Þekkingarsetursins. Gefin verði út mannfjöldaskýrsla fyrri hluta árs 2009.	Já	Mannfjöldapróunarskýrsla fyrir starfssvæði Þekkingarsetursins gefin út í mars 2009.
Komið verði á fyrirlestraröð með mánaðarlegum fyrirlestrum á vegum Þekkingarsetursins frá hausti 2009	Já/nei	Reglubundinni fyrirlestraröð náðist ekki að koma á. ÞÞ stóð þó fyrir allnokkrum fyrirlestrum á árinu 2009.

Rannsókn- og þróunarstarfsemi þekkingarsetursins felst í meginatriðum í eftirfarandi þáttum:

- Rannsóknþjónusta; þ.e. þjónusta, upplýsingagjöf og aðstoða fyrir rannsakendur í Þingeyjarsýslu.
- *Eigin rannsóknar-* og þróunarverkefni þekkingarsetursins.
- *Útseld rannsóknar- og ráðgjafarvinna* starfsfólks þekkingarsetursins.
- *Rannsóknaverkefni* sem unnin eru í samstarfi við *háskólanema* og tengjast starfssvæðinu.
- Samstarf við aðrar stofnanir um ýmis *þróunar-* og *rannsóknaverkefni*.

Rannsóknþjónusta

Þekkingarsetrið hefur það hlutverk samkvæmt skipulagsskrá og samningi við menntamálaráðuneytið að þjónusta vísinda- og fræðastarf í Þingeyjarsýslum. Þannig er lögð áhersla á að hýsa rannsakendur og aðstoða þá sem sinna rannsóknum í Þingeyjarsýslum með margvíslegum hætti. Veitt er slík þjónusta í formi aðgangs að húsnæði, tækjum og netkerfi þekkingarsetursins auk þess sem ráðgjöf er veitt með formlegum og óformlegum hætti við rannsóknastarf. Þessi rannsóknþjónusta er veitt ýmsum aðilum, eftirtöldum helst:

- Starfsfólk rannsóknastofnana (Náttúrufræðistofnunar Íslands o.fl.)
- Rannsakendur á vegum háskóla á Íslandi
- Námsmenn í rannsóknaverkefnum
- Sjálfstæðir rannsakendur (Íslenskir og erlendir)

Eigin verkefni þekkingarsetursins

Þekkingarsetrið hefur samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti og skipulagsskrá ákveðnar skyldur til frumkvæðis að rannsókn- og þróunarstarfi í héraðinu. Þannig er leitast við að afla þekkingar á samfélagi eða umhverfi í héraðinu með rannsóknastarfi og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum. Eitt af því sem stofnunin gerir árlega í þessum anda er að taka saman og birta í skýrslu tölur yfir mannfjöldapróun í héraðinu.



Þátttakendur á sameiginlegum morgunfundi þekkingarsetursins og Háskóla Íslands í Reykjavík þar sem kynnt var rannsókn þekkingarsetursins á efnahagslegum áhrifum hvalaskoðunar á Húsavík ásamt fleiru. Andri Valur Ívarsson, Óli Halldórsson, Þórólfur Matíasson, Marianne H. Rasmussen og Rannveig Guðmundsdóttir.

Þá var á árinu 2009 lokið við svonefnda „búsetugæðarannsókn“ sem var viðamikil könnun á viðhorfi Þingeyinga til búsetugæða og lífsskilyrða í eigin héraði. Lagðar voru fyrir póstkannanir í tvígang og var seinni umferðin á árinu 2009. Í ljósi breytinga á efnahagsaðstæðum þjóðarinnar á milli þessara ára var sérstaklega horft til breytinga á viðhorfi fólks milli ára, þ.e. fyrir og eftir hrun. Þetta var stærsta einstaka rannsóknaverkefni Þekkingarsetursins á árinu, en lokaskýrsla var þó gefin út í ársbyrjun 2010.

Á árinu var unnið að svokölluðu NEED-verkefni (Northern Environmental Education Development). Þar er um að ræða alþjóðlegt þróunarverkefni sem fór af stað á árinu 2008 og lýkur á árinu 2010. Verkefnið er fjármagnað með NPP (Northern Periphery) styrkveitingu og er leiðandi aðili verkefnisins á Íslandi Háskólasetur H.Í. á Höfn í Hornafirði. Þekkingarsetrið fer fyrir hópi aðila á Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, en þjóðgarðurinn er starfssvæði verkefnisins. Svæðisfundir voru haldnir á Húsavík.



Hópur þátttakenda á norðursvæði NEED-verkefnisins á fundi í Gljúfrastofu í Ásbyrgi

Á árinu 2009 fór af stað vinna sem snéri að kynningu og útfærslu þeirrar hugmyndar að færa sýningarhluta Náttúruminjasafns Íslands út til safna og sýninga víða um land, með höfuðstöðvar á Húsavík. Þekkingarsetrið kom að þessari vinnu ásamt öðrum rannsóknastofnunum héraðsins ásamt Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og söfnum í héraðinu. Gefin var út greinargerð um verkefnið á árinu.

Rannsóknar/-þróunarverkefni	Lýsing	Starfsmaður/umsjón
Íbúápróun á starfssvæði Þekkingarsetursins	Samantekt um þróun íbúafjölda á árinu 2009	Aðalsteinn J. Halldórsson
Búsetugæði á Norðausturlandi	Alcoa, Landsvirkjun, Landsnet	Guðlaug Gísladóttir
NEED-verkefnið	Háskólasetrið á Höfn, alþjóðlegt samstarfsnet	Óli Halldórsson

	(Írland, Noregur, Finnland)	
Náttúruminjasafn Íslands – samrekstur í héraði	Samstarfverkefni með Atvinnuþróunarfélagi og söfnum í héraðinu.	Óli Halldórsson

Útseld rannsóknna- og ráðgjafavinna

Sala á sérfræðivinnu er ávallt töluverð og hefur farið vaxandi undanfarin ár. Fyrirferðamest á árinu 2009 var útsala sérfræðivinnu samkvæmt samningi um svokölluð sjálfbærni-verkefni. Sjálfbærni-verkefnin eru samstarfsverkefni með Landsvirkjun, Alcoa og Landsneti sem staðið hafa frá árinu 2008. Um er að ræða umsjón og utanumhald tveggja aðskilinna en þó nátengdra verkefna um þróun sjálfbærni-vísu/-mælikvarða við uppbyggingu og rekstur stóriðnaðar á Norðausturlandi og Austurlandi. Starfsmaður var í verkefninu í fullu starfi á árinu 2009. Mannaskipti urðu í verkefninu þegar Guðlaug Gísladóttir kom inn í verkefnið að hausti í stað Haralds Reinhardssonar, sem lét af störfum.

Þá var á árinu 2009 útseld sérfræðivinna við ákveðna þætti NEED-verkefnisins, sem greint hefur verið frá að ofan.

Einnig var seld vinna við úttekt á strandveiðum á Norðausturlandi. Um var að ræða þátttöku í úttekt á framgangi og áhrifum strandveiða á Íslandi sumarið 2009. Háskólasetur Vestfjarða stýrði verkefninu sem var ráðgjafaverkefni unnið fyrir sjávarútvegsráðuneytið. Gefin var út skýrsla af Háskólasetri Vestfjarða.

Útseld verkefni	Samstarf/verkkaupi	Starfsmaður/umsjón
Sjálfbærni-verkefni - Norðurlandsverkefni	Alcoa, Landsvirkjun, Landsnet	Guðlaug Gísladóttir
Sjálfbærni-verkefni - Austurlandsverkefni	Alcoa, Landsvirkjun	Guðlaug Gísladóttir
NEED-verkefnið	Háskólasetrið á Höfn, alþjóðlegt samstarfsnet (Írland, Noregur, Finnland)	Óli Halldórsson
Strandveiðar við Íslandsstrendur	Háskólasetur Vestfjarða/sjávarútvegs-ráðuneytið	Aðalsteinn J. Halldórsson

Rannsóknaverkefni háskólanema

Á árinu 2009 var eins og venja er leitað eftir samstarfi við háskólanema um rannsóknna- og þróunarverkefni. Hvatningarpóstur voru sendir á póstlista þingeyskra háskólanema, auglýsingar birtar og annarra leiða leitað til að ná til þess hóps og virkja til samstarfs. Eitt markmiðið er að efniviður slíkra verkefna tengist héraðinu og/eða þau skapi atvinnu fyrir háskólanema úr héraði.

Á árinu 2009 voru unnin þrjú verkefni af háskólanemum á vegum og/eða í samstarfi við þekkingarsetrið. Verkefnin voru fjármögguð úr Verkefnasjóði þekkingarsetursins. Ekki fékkst fjármagn úr Nýsköpunarsjóði námsmanna þetta skiptið þrátt fyrir margar umsóknir.

Verkefni háskólanema	Umsjón/samstarf	Nemandi
Vinabæjarsamstarf Þingeyskra sveitarfélaga: Ávinningar og annmarkar	ÞÞ (ÓH/AJH)	Róbert Hlynur Baldursson, M.A. nemi í alþjóðasamskiptum
Árbók Þingeyinga: Fréttir úr héraði 1958-2018	ÞÞ (ÓH/AJH)	Tinna Þórarinsdóttir B.A. í stjórn málafræði
Síldarárin á Raufarhöfn: Viðtöl við íbúa Raufarhafnar	ÞÞ (ÓH/AJH)	Tinna Stefánsdóttir B.A. nemi í sálfræði

Áætlun 2010: Rannsókn- og þróunarvið

Áfram verði haldið úti a.m.k. 1 stöðugildi sérfræðings í fullu starfi á rannsókn- og þróunarviði sem sinni verkefnaöflun og umsjón rannsóknaverkefna.

Staðið verði fyrir a.m.k. þremur rannsóknaverkefnum háskólanema á árinu.

Seld verði sérfræðivinnna sem nemur stöðugildi sérfræðings til sjálfbærniverkefnis Landsvirkjunar, Alcoa og Landsnet skv. samstarfssamningi.

Leitað verði eftir þátttöku í fjármögnum (m) alþjóðlegum rannsókn- og þróunarverkefni(-um) sem dregið geta samstarfsaðila, hugmyndir og fjármagn inn á starfssvæði þekkingarsetursins.

Forganga verði höfð um samstarf stofnana á þekkingarviði á starfssvæði þekkingarsetursins. Myndaðir verði farvegir til slíks samstarf við rannsókn-, fræðslu- og nýsköpunargeirann.

Komið verði á reglulegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og hagþróun á starfssvæði þekkingarsetursins. Gefin verði út mannfjöldaskýrsla fyrir hluta árs 2010.

Komið verði á fyrirlestraröð með mánaðarlegum fyrirlestrum á vegum þekkingarsetursins frá hausti 2010

ÚTGÁFA, KYNNING

Útgefið efni

Þekkingarsetrið gaf út eftirfarandi skýrslur/greinargerðir/rit/námsefni á árinu 2009:

- Þekkingarsetur Þingeyinga/Aðalsteinn J. Halldórsson. 2009. *Mannfjöldaþróun á starfssæði Þekkingarseturs Þingeyinga*. Húsavík.

Lýsing:

Yfirlit yfir mannfjöldaþróun á starfssvæði Þekkingarseturs Þingeyinga sem nær frá Vaðlaheiði í vestri til Bakkafjarðar í austri. Í skýrslunni kemur fram hvernig íbúafjöldi hefur breyst á tímabilinu 2002 - 2009 í einstökum sveitarfélögum og byggðakjörnum innan þeirra.

- Þekkingarsetur Þingeyinga/Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga o.fl. 2009. *Náttúruminjasafn Íslands - greinargerð*. Húsavík.

Lýsing:

Unnið af Þekkingarsetri Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga. Skýrslan er gefin út í tilefni af hugmyndum um rekstur Náttúruminjasafns Íslands í breyttri mynd, með höfuðstöðvar á Húsavík. Unnið hefur verið að málinu frá ársbyrjun 2009 í samvinnu fjölmargra aðila sem tengjast málinu í Þingeyjarsýslum.

- Þekkingarsetur Þingeyinga/Óli Halldórsson. 2009. *Ársskýrsla 2008 og starfsáætlun 2009*. Húsavík.

Lýsing:

Ársskýrsla Þekkingarseturs Þingeyinga fyrir árið 2008 og starfsáætlun fyrir árið 2009 í sömu skýrslu. Útgefið í mars 2009.

- Þekkingarsetur Þingeyinga/Róbert H. Baldursson. 2009. *Vinabæjarsamstarf Þingeyskra sveitarfélaga - Ávinningur og annmarkar*. Húsavík.

Lýsing:

Unnið af Róbert H. Baldurssyni fyrir Þekkingarsetur Þingeyinga. Markmið verkefnisins var að kanna vinabæjarsamstarf Þingeyskra sveitarfélaga og stöðu þeirra á alþjóðavettvangi.

- Þekkingarsetur Þingeyinga/Selma Kristjánsdóttir. 2009. *Íslenskuspilið – kennsluefni í íslensku fyrir útlendinga*. Húsavík.

Lýsing:

Kennsluefni í íslensku fyrir útlendinga. Þekkingarsetur Þingeyinga er útgefandi efnisins, höfundur þess er Selma Kristjánsdóttir. Spilið er þróað og hannað af Selmu Kristjánsdóttur við störf hjá Þekkingarsetri Þingeyinga við nýbúafraeðslu. Vinna við spilið stóð yfir frá 2007-2009 og er spilið útgefið í september 2009. Íslenskuspilið er til sölu hjá Þekkingarsetri Þingeyinga - pantanir sendast á netfangið hac@hac.is

- Þekkingarsetur Þingeyinga/Tinna Stefánsdóttir. 2009. *Síldarárin á Raufarhöfn. Viðtöl við íbúa Raufarhafnar*. Húsavík.

Lýsing:

Verkefni sem Tinna Stefánsdóttir vann fyrir Þekkingarsetur Þingeyinga sumarið 2009. Um er að ræða framkvæmd og skráning viðtala við fimm einstaklinga á Raufarhöfn um sögu síldaráranna á svæðinu. Sögu síldaráranna á Raufarhöfn hefur aldrei verið gerð nein skil og er verkefnið hugsað sem fyrsta skrefið í að varðveita og skrá þá sögu.

- Háskólasetur Vestfjarða. 2009. Úttekt á framgangi og áhrifum strandveiðanna sumarið 2009. Unnið fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Ísafjörður.

Lýsing:

Gagnasöfnun og upplýsingaöflun um strandveiðar í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða. Háskólasetrið gaf út skýrslu, en Þekkingarsetrið og aðrar samstarfsstofnanir um landið öfluðu gagna til þeirrar vinnu.

Framsögur og fyrirlestrar

Á árinu 2009 stóð Þekkingarsetrið fyrir fyrirlestrum og framsögum, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðrar stofnanir.



Jón Sigurðsson lektor við Háskólann í Reykjavík var fenginn til að halda erindi um áhrif Evrópusambandsaðildar á landbúnað og sjávarútveg.

Stefnan hefur verið að koma á legg reglulegri fyrirlestraröð á vegum stofnunarinnar. Ekki náðist það á árinu, en stofnunin stóð þó fyrir ýmsum fyrirlestrum og framsögum. Eftirfarandi helst:

- Reykjavík – febrúar 2009. Þekkingarsetur Þingeyinga og Háskóli Íslands standa fyrir morgunfundi um efnahagsleg áhrif hvalaskoðunar í Háskóla Íslands. Andri Valur Ívarsson og Rannveig Guðmundsdóttir fluttu erindi um niðurstöður rannsóknar sinnar frá árinu 2008 um efnahagsleg áhrif ferðapjónustu á Húsavík. Óli Halldórsson stýrði fundinum og Þórólfur Mattíasson prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands flutti einnig erindi.
- Stórutjarnir – maí 2009. Óli Halldórsson flutti erindi á málþingi um skólahald í dreifðum byggðum. „Byggðir og bú – um stoðkerfi menntunar í dreifbýli“.

- Húsavík – ágúst 2009. Óli Halldórsson flutti erindi um vísinda- og fræðastarf í Þingeyjarsýslum á kynningarfundum með rektor Háskóla Íslands í húsnæði Þekkingarsetursins.
- Húsavík, Skipasmiðastöðin – ágúst 2009. Róbert Hlynur Baldursson kynnti skýrslu sína um vinabæjarsamskipti Þingeyskra sveitarfélaga.
- Húsavík – september 2009. Harpa Fönn Sigurjónsdóttir fengin til að flytja erindi og sýna kvikmynd frá mannlífi í Úganda. „Life of Ascari“.



Frá sýningu og framsögu Hörpu Fannar Sigurjónsdóttur „Life of Ascari“ á Gamla-Bauk á Húsavík haustið 2009.

- Þórshöfn – september 2009. Óli Halldórsson og Gréta Bergrún Jóhannesdóttir fluttu erindi til kynningar Menntasetursins á Þórshöfn við formlega opnun setursins.
- Húsavík, Skipasmiðastöðin – október 2009. Fyrirlestur haldinn í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Jón Sigurðsson lektor við Háskólann í Reykjavík hélt framsögu um hugsanlega aðild Íslands að ESB og helstu áhrif þess á atvinnuvegi.
- Húsavík – nóvember 2009. Skýrslan Búsetugæði á Norðausturlandi: Starfssvæði Þekkingarseturs Þingeyinga kynnt af Grétu Bergrúnu Jóhannesdóttur og Aðalsteini J. Halldórssyni.
- *Starfsfólk Þekkingarsetursins hélt fleiri framsögur og kynningar í héraði í tengslum við störf stofnunarinnar, t.a.m. inni á vinnustöðum og tengslum við almenna kynningu verkefna og þjónustu stofnunarinnar.*

Starfsemi



árið 2009

Þekkingarsetrið á Húsavík
Hafnarstétt 3

Þekkingarsetur Þingeyinga
Miðstöð símenntunar, háskólanáms- og rannsóknna.

Náttúrustofa Norðausturlands
Rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða.

•Óli Halldórsson

MA umhverfisfræði, BA heimspæki, framh. sk. kennari
Verkefni: Forstöðumaður



•Aðalsteinn J. Halldórsson

BA stjórnmálafræðingur, MPA nemi í opinberri stjórnsýslu
Verkefni: Sérfræðingur á rannsóknasviði



•Erla Dögg Ásgeirsdóttir

BA uppeldisfræði, dipl. náms- og starfsráðgjöf, M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf.
Verkefni: Náms- og starfsráðgjafi



•Guðlaug Gísladóttir

MPM í verkefnastjórnun, B.A. viðskiptafræði
Verkefni: Verkefnisstjóri á rannsóknasviði



•Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri/skólaritari Ví
Verkefni: Skrifstofustjóri, afgreiðsla, skrifstofustörf, húsumsjón.



•Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

MA kynjafræði, BA fjölmiðlafræði
Verkefni: Verkefnastjóri Menntasetrinu Þórshöfn



•Helena Eydís Ingólfssdóttir

BE d kennari, MPA nemi í opinberri stjórnsýslu
Verkefni: Svíðsstjóri á símenntunarsviði



Sumarstarfsfólk við rannsóknir

•Róbert Hlynur Baldursson

BA fjölmiðlafræði, MA nemi í stjórnmálafræði
Verkefni: Vinabæjasamskipti sveitarfélaga
Samstarf við setrið: Rannsóknavinna sumarið 2009



•Tinna Stefánsdóttir

BA nemi í sálfræði við H.A.
Verkefni: Síldarárin á Raufarhöfn – viðtalsrannsókn
Samstarf við setrið: Rannsóknavinna sumarið 2009



•Tinna Þórarinsdóttir

BA stjórnmálafræði
Verkefni: Árbók Þingeyinga - "Fregnir úr héraði": Heimildarannsókn um samfélagsþróun í Þingeyjarsýslum
Samstarf við setrið: Rannsóknavinna sumarið 2009



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
Starfsstöð heilbrigðisfulltrúa í Þingeyjarsýslum

•Þorkell Björnsson

Mjólkurfræðingur
Verkefni: Heilbrigðisfulltrúi í Þingeyjarsýslum



•Þorkell Lindberg Þórarinsson

MS/BS líffræðingur
Verkefni: Forstöðumaður



•Sesselja G. Sigurðardóttir

BS líffræðingur
•Verkefni: Sérfræðingur Rannsóknastofa, skýrsluvinna



•Aðalsteinn Örn Snæþórsson

BS líffræðingur, kennari, MS nemi
Verkefni: Sérfræðingur Rannsóknir, fræðsla



•Sigprúður Stella Jóhannesdóttir

BS líffræðingur, MS umhverfisstjórnun
Verkefni: Sérfræðingur Náttúruvernd og umhverfismál



•Yann Kolbeinsson

BS líffræðingur, MS nemi
Verkefni: Sérfræðingur. Fuglarannsóknir og -vöktun



Háskóli Íslands

Rannsóknar- og fræðasetur Háskóla Íslands í sjávarspendýralfræðum á Húsavík. Hóf starfsemi haustið 2007 og starfar innan veggja Þekkingarseturs Þingeyinga.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

•Marianne H. Rasmussen

Ph.D. sjávarspendýralfræði, Cand.Sc. líffræði
Verkefni: Forstöðumaður í fullu starfi



•Edda Elísabet Magnúsdóttir

Ph.D. nemi í sjávarspendýralfræði við H.Í.
Verkefni: Sérfræðingur/doktorsnemi í fullu starfi

Erlendir starfsmenn/sjálfbóðaliðar við
hvalarannsóknir sumarið 2009:

•Maria Iversen

Danmörk



•Lindsey Albright

Bandaríkin



•Pedro Baranda

Mexikó



•Elisa Girola

Ítalía



•Sabrina Buongiovanni

Ítalía



•Viola Pavlova

Tékkland



Nemar og gestir

Auk starfsfólks sem greint er að ofan starfar fjöldi námsfólks í símenntun og háskólafræðum innan veggja Þekkingarsetursins allt árið um kring. Auk þess er nokkuð um gestarannsakendur í samstarfi við stofnanirnar sem nýta aðstöðu og þjónustu við störf sín til skemmi tíma.